

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á [nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

Reykjavík, 11. desember 2023.

**Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 65 - 65. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn við tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 65 - 65. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar fram kominni tillögu um að fela dómsmálaráðherra að setja á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögu um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldis mál á milli kerfa barnaverndaryfirvalda, félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembætta. Fram kemur í greinargerð með tillögunni að hún hafi áður verið lögð fyrir 150.- 153. löggjafarþingi (126. mál). Félagið veitti umsögn um málið á fyrri stigum með bréfi dags. 25. nóvember 2019 og 23. mars 2023.

Heimilisofbeldi er alvarleg meinsemd í samfélaginu og snertir flesta þætti þess, því er mikilvægt að allar stofnanir samfélagsins leggi málinu lið. Aðgerðir stjórnvalda gegn heimilisofbeldi hafa skilað ýmsum úrbótum en þó er langt í land. Rannsóknir hér á landi sýna fram á að talsvert skorti á að fagfólk komi auga á heimilisofbeldi og upplifi oft óöryggi varðandi viðeigandi viðbrögð sjá t.d. rannsóknir á vegum félagsmálaráðuneytis sem birtar voru árið 2010. Ýmsar lagaheimildir eru til staðar er varða samstarf og tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda. Hins vegar þarf að efla fræðslu til starfsfólks stofnana í því skyni að auka þekkingu á tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda. Stofnanir þurfa jafnframt að útfæra verklag til að fara eftir þegar kemur að því að tilkynna.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélaglegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Menntun félagsráðgjafa er að því leyti sérstök að þar er áhersla lögð á þekkingu á sviði stjórnsýslulaga auk þess sem félagsráðgjafar hafa þjálfun í fjölskylduvinnu og málsstjórn (e. case management). Auk þess eru margir félagsráðgjafar með

sérfræðipækkingu á sviði fjölskyldumeðferðar en rannsóknir sýna að fjölskyldumeðferð samhliða öðrum meðferðaraðferðum bætir árangur meðferðar og leiðir þannig til sparnaðar til lengri tíma litið. Styrkleiki félagsráðgjafa felst einnig í þekkingu þeirra á öðrum þjónustukerfum svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Margir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig í úrvinnslu áfalla og ofbeldis auk þess sem flestir félagsráðgjafar koma að heimilisofbeldismálum og fara margir þeirra með lögreglu í útköll á heimili vegna slíkra mála. Innan félagsins býr því yfirgripsmikil þekking á þessu sviði og geta félagsráðgjafar lagt mikið af mörkum í þá vinnu sem framundan er, hljóti þingsályktunartillagan brautargengi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að taka þátt í mótun verklags við vinnslu heimilisofbeldismála og mæta á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að fylgja athugasemdum eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd stjórnar Félagráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,  
formaður